

Nr. 085 / 14 Magnús HU 23***Skipverji slasast við löndun***

Skipaskr.nr. 2813
 IMO
 Smíðaður: Akureyri 2013, plast
 Stærð: 11,02 bt.
 Mesta lengd: 10,98 m Skráð lengd: 10,96 m
 Breidd: 2,96 m Dýpt: 1,49 m
 Vél: Cummins 293 kW, 2013
 Fjöldi skipverja: 2



Magnús©Lögreglan

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. september 2015 af Geirbrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 29. ágúst 2014 var Magnús HU 23 við bryggju í Reykjanesbæ.

Bátsverjar voru að landa og var annar þeirra á krananum í landi en hinn í lestinni. Langt var komið í lönduninni og verið að draga fiskikar undir lúguna þegar vírin í krananum slitnaði. Við það féll lóð, ofan við krók á kranavírnum, á öxl þess sem var í lestinni og vírendinn slóst í hendi hans.

Skipverjinn var fluttur á slysadeild til skoðunar.

Við rannsókn kom fram:

- að skráninganúmer kranans er CA 0037 hjá Vinnueftirliti ríkisins og var af tegundinni Lorentzen 750. Hann var skoðaður af Vinnueftirlitinu í júlí 2013 án athugasemda á búnaði hans og gildi skoðunin fram til júlí 2014. Kranavírinn mældist 6 mm. sver. Slitendar (brotendar) vírsins voru „reglulegir“ í sárið (vírinn hafði ekki dregist í sundur). Brotsárið var við



efri brún lóðsins, sem var 9 kg. og hvíldi á málm þrykkingu (samsetningból) vírsins ofan við auga kóssins. Vírinn var ekki varinn gegn núningi lóðsins.

- að slasaði sagðist hafa séð vírþætti „gægjast“ upp úr gati lóðsins en hann tók fram að það gæti hafa verið endinn frá vírþrykkinu eða frá splæsi. Ekki var augasplæs við kóssinn en það var þrykkt og lausi endinn klipptur þétt við bóluna og náði því ekki upp í lóðið;
- að á hornum karanna eru klofar (rifur) sem öryggiskrókum er smeygt niður í og eru körin dregin undan karminum á tveimur hornum áður en húkkað er í hin til að hífa upp úr lestinni. Slasaði sagði að karið hafi aðeins verið komið á loft, ekki nema um fimm sm, upp af lestargólfinu;
- að skipstjórinn sagði að það hafi verið búíð að landa öllu af þilfarinu og þar af tveimur 660 lítra körum sem hann taldi að vegið hafi um 500 kg. Einnig var búíð að landa úr lestinni nema þeim körum sem voru í síðunni en karið sem átti að hífa var af stærri gerðinni og tók um 500 kg. af makríl. Búíð var að húkka á tvö innri horn karsins til að draga það út í lúguna. Hann hafi rétt verið búinn að taka slakann af vírnum og karið farið að lyftast í annan endann þegar vírinn slitnaði. Hann taldi að hliðarbrúnir karsins hafi ekki rekist upp í lúgukarminn þegar hann lyfti í það;
- að slasaði var ekki með hjálm og sagðist hann ekki hafa vitað til þess að hjálmur væri til í bátum en hann sagðist hafa verið í stígvélum með stáltá;
- að skipstjóri sagði að enginn hjálmur hafi verið til um borð enda hafi hjálmur ekki verið notaðir við löndum. Hann bætti við að það er eitthvað sem menn verða að fara að temja sér;
- að hafnarstjóri sagði kranann vera drifinn af rafmagnsmótor og vökvaprýstidælu sem sæi tjökkum og vökvavindi fyrir orku. Hann taldi að hámarks lyftigeta kranans væri 750 kg. en Vinnueftirlitið hafi stillt þrýsting dælu þannig að vindan lyfti að hámarki 700 kg. Hann taldi að vírinn hafi ekki verið varinn núningi lóðsins af því gatið í því var of þröngt fyrir varnarhólk en flestir kranar við höfnina séu búnir vörn á vírnum. Hann benti á að brot geti komið í vírinn við efri brún lóðsins ef ítrekað er híft upp í bómublökkina;
- að eftir að settur hafði verið nýr vír var kraninn skoðaður af Vinnueftirlitinu 3. september 2014 þar sem gerðar voru kröfur um varnir á vírinn og pall fyrir stjórnanda.

Nefndarálit:

Orsök óhappsins er sú að kranavír slitnaði.

Nefndin telur að hafnaryfirvöld hafi brugðist skyldum sínum um eftirlit með búnaði hafna enda var kraninn og vír hans á ábyrgð hafnarinnar.

Nefndin átelur að ekki hafi verið notaðir öryggishjálmur við hífingarnar.